

Auglýsing

46
8. mars

um útbrotta-taugaveiki í öllum höfnum Hollands.

Samkvæmt símskeyti frá skrifstofu stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn gerir útbrotta-taugaveiki (typhus exanthematicus) vart við sig í öllum höfnum Hollands um þessar mundir. Því auglýsist hjermeð að tjeðar hafnir ber að skoða sem syktar af nefndum sjúkdómi. Ákvæð-um laga nr. 34, 6. nóvbr. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, verður því nú beitt að því er snertir hafnir þessar.

Samkvæmt 22. gr. nefndra laga er hjermeð bannað að flytja frá höfnum Hollands brúkað lín, fót og sængurfatnað, dulur, brúkað vatt, hnökra-ull, pappírs-afklippur, hár, húðir og ávexti.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 8. mars 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson,
settur.

Auglýsing

47
3. apríl

um varnir gegn kvefpestinni (influenza).

Eftir upplýsingum landlæknis mun mega telja kvefpestina útdauða í landinu í þetta sinn, og er því hjermeð feld úr gildi auglýsing dóms- og kirkjumáladeildar um varnir gegn kvefpestinni (influenza), dags. 20. janúar þ. á. En þar sem influenza gengur enn í nágranna-löndum og er talin illkynjuð, þá hefir verið ákveðið að taka upp varnir gegn því, að kvef-pestarfaraldurinn gangi yfir landið að nýju, og eru því hjermeð, samkvæmt heimild í 23 gr. sóttvarnarlaganna frá 6. nóvember 1902, settar eftirfarandi reglur:

I. Samgöngum við útlönd skal hagað þannig:

1. Engar samgöngur leyfast við aðkomuskip fyr en sóttgæslumaður hefir gefið leyfi til þess.
2. Sóttgæslumaður lætur spyrjast fyrir um heilbrigðisástand á öllum aðkomuskipum, svo og hvort influenza eða aðrar farsóttir hafi gengið á brottfararstað skipsins. Sje sóttgæsluskírteini í lagi, 5 sólarhringar liðnir án þess að skipið hafi haft mök við sýkta eða grunaða, og enginn af skipverjum hefir sýkst á grunsamlegan hátt, þá skal telja skipið hættulaust og leyfa skipverjum frjálsar samgöngur við land. Nú þykir hjermeð lækni sjerstök ástæða til að sóttkvía skip lengur, og skal hann þá gera sótt-varnarnefnd þegar í stað aðvart.

3. Nú hefir skip verið skemur í hafi en 5 sólarhringa, eða haft mök við sýkta eða grunaða á leiðinni, þá skal einangra það á komustað til þess 5 dagar eru liðnir frá því það hafði orðið fyrir sýkingarhættu. Þó getur sóttvarnarnefnd gefið leyfi til þess að ferma eða afferma áður en þessi tími er liðinn, ef hjeradslæknir telur að það verði framkvæmt áhættulaust: 47
3. apríl
4. Ef skipið flytur sjúka menn eða dauða, og hjeradslæknir telur líklegt að um influenzu eða erlenda sótt sje að ræða, skal vísa skipinu til næstu sóttvarnarhafnar, og ekki veita því aðra læknishjálp en brýn nauðsyn ber til.
5. Sýkta menn, er aðkomuskip flytja til sóttvarnarhafna, skal einangra í sóttvarnarhúsunum, en sóttvarnarnefndir sjá um að þau sjeu svo úr garði gerð að taka megi þau fyrirvaralaust til afnota.
6. Þegar allir sjúklingar úr sýktu skipi hafa verið fluttir í sóttvarnarhús, skal einangra skipið þar til liðnir eru 5 dagar svo að enginn skipverja hafi sýkst á grunsamlegan hátt. Þó getur sóttvarnarnefnd gefið leyfi til að ferma og afferma, svo sem mælt er fyrir í 3. lið.
7. Læknar, sem hafa haft þau mök við sýkt eða grunuð skip að veruleg sóttthætta geti stafað af, skulu einangra sig í 5 daga, annaðhvort í sjerstöfum herbergjum eða á heimilum sínum, en þá skal alt heimilið einangrað þann tíma, eða lengur, ef einhverjir sýkjast þar af influenzu. Ef ekki er annar læknir á staðnum, skal hjeradslæknir gera næsta hjeradslækni aðvart, og skal hann skyldur að þjóna embættinu meðan hinn er sjúkur eða einangraður, svo framarlega sem ekki er önnur ráðstöfun gerð.
8. Varningur og dauðir munir skulu taldir lausir við sóttneymi einum sólarhring eftir að þeir koma frá sýktum eða grunuðum, en hús og heimili 5 dögum eftir að síðasti sjúklingur varð hitalalaus eða 12 dögum eftir að hann sýktist, og það án þess að sóttthreinsun hafi farið fram.
9. Nú er skipaður sjerstakur sóttvarnarlæknir á einhverri höfn, og kemur hann þá í stað hjeradslæknis samkvæmt I. 1.—8. þessarar auglýsingar.
10. Um greiðslu kostnaðar þess, sem af sóttvörnunum leiðir fyrir aðkomuskip, fer svo sem fyrir er mælt í 24. og 25. gr. áðurnefndra sóttvarnarlaga.
11. Hafi aðrar farsóttir en influença gengið á brottfararstað skips, eða grunur leikur á að slík sótt hafi gert vart við sig á skipinu, skulu allar ráðstafanir miðaðar við þann sjúkdóm, sem um er að ræða, og undirbúningstíma hans, ef hann fer fram úr 5 dögum.
- II. Nú fer svo að influença kemur upp í einhverju hjeradi, þá skal hjeradslæknir hefja tafarlaust sóttvörn gegn henni á þann hátt, sem mælt er fyrir í lögum frá 16. nóv. 1907.
- Þyki það tvísýnt að stöðva megi veikina á þeim stað, sem hún hefir komið upp, skal hjeradslæknir jafnframt fyrirskipa sóttvörn á þeim almannaieiðum innan hjeradsins eða á takmörkum þess, þar sem auðveldast þykir að stemma stigu fyrir útbreiðslu farsóttta.
- Meðan veikin er ekki útdauð í hjeradini, skal hjeradslæknir skýra sóttvarnarnefnd frá gangi hennar á viku hverri.
- Meðan fá heimili sýkjast, og það þykir framkvæmanlegt, skal sóttthreinsa öll heimili, þar sem veikin hefir reynst illkynjuð og henni hefir fylgt lungnabólga, áður sóttvörn er upphafin við heimilið.

Í dómsmáladeild stjórnarráðsins, 3. apríl 1919.

Jón Magnússon.

Björn Þórðarson
settur.